

Ályktarorð:

Málinu er frestað til 9. janúar 1989.

Málskostnaðarkrafa stefndu er ekki tekin til greina.

Föstudaginn 16. desember 1988.

Nr. 267/1987. **Hjördís Hvanndal**

gegn

Sigríði Jónu Árnadóttur

Margrėti Sigríði Árnadóttur og

Kristni Árna Árnasyni

Frestur. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 15. september 1987. Áfrýjað er dómi bæjarþings Reykjavíkur frá 3. febrúar 1987. Málið er þingfest í Hæstarétti 2. október 1987 og þá frestað til 1. febrúar 1988 til framlagningar dómsgerða, ágríps og greinargerðar áfrýjanda. Þann dag fékk áfrýjandi frest í málinu til 11. apríl 1988, síðan til 1. júní 1988, þá til 3. október 1988 og að síðustu til 2. desember 1988. Er málið kom fyrir þann dag krafðist áfrýjandi frekari frests til ágrípsgerðar fram í janúar 1989.

Stefndu kröfðust þess að synjað yrði kröfu áfrýjanda um frestun málsins, að málinu yrði vísað frá Hæstarétti og þeim yrði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda.

Í greinargerð stefndu vegna kröfu um frestsýnjun er því haldið

fram að áfrýjandi hafi fengið ítrekaða fresti til að afla dómsgerða og ganga frá ágripi en hann hafi ekki nýtt þessa fresti, sem séu langt umfram það sem tiltekið sé í 41. gr. laga nr. 75/1973.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið hefur áfrýjandi haft um 14 mánuði til að láta útbúa ágríp dómsgerða. Áfrýjandi hefur ekki komið fram með rök sem réttlæta frekari frestun málsins. Ber því að synja frestbeiðni áfrýjanda og vísa málinu frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti til stefndu þykir hæfilega ákveðinn 10.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi Hjördís Hvanndal greiði stefndu Sigríði Jónu Árnadóttur, Margréti Sigríði Árnadóttur og Kristni Árna Árnasyni 10.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.